43. tbl. 19.
30. nóv. 2022
29 árg.

# Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386

## Aðventutónleikar Sálubótar



Verða í Þorgeirskirkju fimmtudaginn 8. desember kl. 20:00

Einsöngvarar: Sigurður Ingimarsson, Rannvá Olsen

og Laufey Ása Eyþórsdóttir

Hljóðfæraleikarar : Dagný Pétursdóttir, Pétur Ingólfsson,

Guðni Bragason, Ronja Sif Björk og Erla Katrín Orradóttir

Sérstakur gestur : **Svavar Knútur**

Stjórnandi er Guðlaugur Viktorsson

Miðaverð 3500 kr. Enginn posi á staðnum

Frítt fyrir 14 ára og yngri

Að tónleikum loknum er boðið upp á smákökur og hressingu.



# *Aðventustund Þóroddsstað*

Aðventustund verður á Þóroddsstað næstkomandi
sunnudag, 4. desember klukkan 15:00.
Kirkjukórinn syngur undir stjórn Dagnýjar Pétursdóttur.
Nemendur Tónlistarskólans leika á hljóðfæri.
Ræðumaður verður Erla Sigurðardóttir.
Karitasarkaffi.
Verið öll velkomin.

Séra Þorgrímur.



# *Aðventukvöld Einarsstöðum*

Aðventukvöld verður í Einarsstaðakirkju næstkomandi
sunnudagskvöld, 4. desember kl. 20:00.
Ljúf aðventu- og jólatónlist. Almennur söngur.
Tónlistaratriði frá tónlistardeild Þingeyjarskóla.
Hugvekju flytur Kristinn Ingi Pétursson.
Á eftir býður sóknarnefnd upp á léttar
veitingar á Breiðumýri
Verið öll velkomin.

Séra Þorgrímur.

# UMSJÓNARMAÐUR FASTEIGNA

*Jarðböðin við Mývatn leita að umsjónarmanni fasteigna. Um er að ræða 100% starf sem er laust frá áramótum eða samkvæmt samkomulagi. Starfið er unnið í dagvinnu og húsnæði er í boði.*

## HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ

- Daglegt viðhald
- Rekstur almennra kerfa, t.a.m. öryggis- og hitakerfa
- Frágangur í vörumóttöku
- Yfirumsjón með dælum, loftlokum og öðrum búnaði
- Samskipti við iðnaðarmenn
- Sérhæfð þrif
- Snjómokstur
- Umsjón og viðhald á leiguíbúðum Jarðbaðanna

## MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR

- Iðnmenntun sem nýtist í starfi er kostur
- Réttindi á minni vinnuvélar
- Ökuréttindi
- Reynsla af sambærilegu starfi
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Íslenskukunnátta

*Umsóknir skulu berast fyrir 15. desember 2022 á alfred.is*

JARÐBÖÐIN
VIÐ MÝVATN



# Hlaupastelpan

er gefin út á miðvikudögum, velflestar vikur ársins,

Auglýsingum þarf að skila á **mánudögum fyrir kl. 15:00.**

***Verðskrá:***

| | |
|---|---|
| *Hálfsíðuauglýsing* | *kr. 4.200.– m.vsk* |
| *heilsiðuauglýsing* | *kr. 6.100.- m vsk.* |
| *Jólakveðja 1/3 bls* | *kr. 3.000.– m.vsk.* |

***Ath! Síðasta Hlaupastelpa ársins 2022 kemur út 21.desember og verða jólkveðjur birtar í þeirri hlaupastelpu.***
***Fyrsta Hlaupastelpa ársins 2023 kemur út 4. janúar.***

Auglýsingar skal senda á netfangið hlaupastelpan@isl.is

Allar nánari upplýsingar er hægt að fá í síma 8953386.

Hlaupastelpunar er að finna á heimasíðu Þingeyjarsveitar

https://www.thingeyjarsveit.is/is/hlaupastelpan

Dagný Pétursdóttir 8953386


-JÓLABÆRINN MINN-
Aðventuilmur í Safnahúsinu
-PERLUR ÚR SAFNEIGN-
Myndlistarsafns Þingeyinga
2. DES
OPIÐ 20.35 - 22
Þér er boðið að vera við opnun sýningarinnar Perlur úr safneign í myndlistarsal Safnahússins kl. 20:35. Viðburðurinn hefst með jólatónum í garði safnsins og færist svo inn þar sem njóta má vel valinna verka úr einstakri safneign Myndlistarsafns Þingeyinga.
Veitingar í boði
Sýning á húsum í piparkökuhúsakeppni Húsavíkurstofu – myndlistarsalur á 3. hæð
3. DES
Ratleikur
HÚSAVÍKUSTOFU
-SAMFÉLAGIÐ-
í hnotskurn
3. DES
OPIÐ 11 - 16
Ljósmyndasýningin Samfélagið í Hnotskurn verður opnuð á jarðhæð Safnahússins kl.14 þar sem myndefnið er fólk við störf í okkar nútíma fjölmenningarsamfélagi. Er um að ræða samstarfsverkefni Egils Bjarnasonar og stéttarfélagsins Framsýnar.
Veitingar í boði
-JÓLAMATUR-
frá ýmsum löndum
3. DES
OPIÐ 11 - 16
Kynning verður á matarvenjum tengdum jólahaldi frá ýmsum löndum á jarðhæð Safnahússins kl. 14 – veitingar verða í boði íbúa af erlendum uppruna sem tilheyra fjölmenningarsamfélaginu í Þingeyjarsýslum.
-OPIÐ-
sunnudag!
4. DES
OPIÐ 13 - 16
Væri ekki upplagt að leggja leið sína í Safnahúsið og skoða nýjar sýningar?
Verið velkomin!


Listasmiðjan á Laugum
Jólasmiðja
Unnið er með hreinan postulínleir, mótuð lítil kertastæði og/eða jólaskraut.
Munirnir eru hábrenndir og eru tilbúnir sunnudaginn 11. desember.
Efniskostnaður kr. 3500.- (postulín/glerungur og borðar).
Komdu og eigðu notalega og skapandi jólastund í Listasmiðjunni.
6. desember kl 18:30-21:00
Skráning: anitakg@gmail.com
Þekkingarnet Þingeyinga



# *Jólamarkaður í Vaglaskógi*

*Hinn árlegi jólamarkaður verður í Vaglaskógi laugardaginn 10. desember frá kl. 13.-17. Ýmiskonar handverk, matvara og fleira til sölu.  Einnig verður hægt að kaupa jólatré, greinar, arinvið og fleira úr Vaglaskógi.*

*Nemendur úr Stórutjarnaskóla verða með kaffisölu fyrir ferðasjóð sinn.*
*Sjáumst í jólaskapi í skóginum!*
*Skógræktin Vöglum.*

skógræktin

# Velferðasjóður þingeyinga

vill þakka fyrir styrki og velvild  í garð sjóðsins, styrki frá fyrirtækjum, félagasamtökum og einstaklingum, sem hafa haldið sjóðnum gangandi. Velvilji ykkar er ómetanlegur!
Munum!, að engum megum við gleyma! Við óskum ykkur gleðilegrar hátíðar!
Sækja þarf um úthlutun úr Velferðasjóðnum fyrir nóvembermánuð, fyrir **20. nóvember**. Við söfnum umsóknum um aðstoð í desember, til **3. desember**.

**Jólaúthlutun fer fram 16. desember**.

Allir sem búa í Þingeyjarsýslu, norður og suður, geta sótt um styrk.
Úthlutanir eru alfarið í formi matarkorta sem nota má í Nettóverslunum.
Best er að senda umsóknir á: rkihusavik@simnet.is
og/eða að koma þeim til okkar í gegnum sóknarpresta.
Jólaúthlutun í Langanes og Skinnastaðaprestakalli fer fram heima í héraði.

## *Kvenfélag Aðaldæla*

Félagsfundur í Þingeyjarskóla mánudaginn
5. desember kl. 20:00

Hlökkum til að sjá sem flestar félagskonur og minnum á að nýjar konur eru velkomnar til að kynna sér félagsstarfið.

Stjórnin.



## *Aðventustund í Þorgeirskirkju*

Sameiginleg aðventustund Ljósavatns-, Háls- og Lundarbrekkusókna verður í Þorgeirskirkju laugardaginn 3. desember kl. 15:00

Jólasöngvar, hugvekja og notalegheit.
Njótum þess að syngja saman og
hlusta á falleg orð á aðventu .
Allir velkomnir

Sr. Hafdís Davíðsdóttir

# JÓLASVEINARNIR Í DIMMUBORGUM

mæta í sitt árlega jólabað í Jarðböðunum
**laugardaginn 3. desember kl. 16:00**

MIÐASALA Á TIX.IS



Við hlökkum til að taka á móti ykkur

# JARÐBÖÐIN VIÐ MÝVATN